



**LISTASAFN**  
**REYKJANESBÆJAR**

# Ársskýrsla

**2017**

26. febrúar 2018

**EFNISYFIRLIT**

1.	FORSAGA OG HLOTVERK.....	5
2.	SAFNKOSTUR.....	5
2.1	SÖFNUNARSTEFNA .....	6
2.2	SAFNAUKI og rannsóknir 2017.....	6
3.	SÝNINGAHALD.....	10
3.1	Sýningarstefna (samþykkt 2. nóv 2010).....	10
3.2	SÝNINGAR ÁRSINS .....	10
3.3	Listasalur .....	11
3.3.1	Úlfatími, Sara og Svanhildur Vilbergisdætur .....	11
3.3.2	LISTAHÁTÍÐ BARNNA .....	11
3.3.3	A17 .....	13
3.3.4	HORFUR. LJÓSANÆTURSÝNING .....	14
3.3.5	VIÐ GIRÐINGUNA.....	14
3.4	BÍÓSALUR DUUSHÚSA .....	15
3.4.1	ÍSLENSK NÁTTÚRA .....	15
3.4.2	HAFLIÐAVERKEFNIÐ: SAMTVINNUN MYNDLISTAR OG TÓNLISTAR.....	15
3.4.3	BLOSSI.....	16
3.5	GRYFJAN .....	16
3.5.1	LISTAHÁTÍÐ BARNNA .....	16
3.5.2	GLYTTUR.....	16
3.6	Stofan .....	16
3.6.1	ÁST Á ÍSLENSKRI NÁTTÚRU .....	17
3.6.2	LISTAHÁTÍÐ BARNNA: FS.....	17
3.6.3	ÞAÐ SEM EFTIR STENDUR.....	17
3.6.4	PRÓF.....	17
4.	ÚTGÁFA, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR .....	18
4.1	SAMfélagsMIÐLAR.....	18
4.1.1	VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN .....	18
4.1.2	FACEBOOK.....	18
4.1.3	INSTAGRAM .....	18
4.2	PRENTUN .....	18
4.3	LEIÐSAGNIR.....	19
4.4	SÖFNUN HEIMILDA .....	19
4.5	SAFNKENNSLA .....	19
4.6	FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR .....	20
5.	ÖNNUR VERKEFNI .....	20
5.1	LISTASKÓLINN .....	20
5.2	LISTAHÁTÍÐ BARNNA .....	21
5.3	LIST ÁN LANDAMÆRA .....	21
6.	HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI .....	22
6.1	HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI .....	22

6.2	GESTAFJÖLDI .....	23
7.	REKSTUR .....	23
8.	LOKAORÐ .....	24

**Samantekt**

- Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum.
- Safnaukinn 2017 samanstóð af 246 verkum og er safneignin nú orðin 949 verk.
- 14 sýningar settar upp á vegum safnsins á árinu. 5 í Listasal, 3 í Bíosal Duushúsa, 2 í Gryfjunni og 4 í Stofunni.
- Listasafnið heldur úti vefsíðu reykjanesbaer.is/listasafn, fésbókarsíðu og instagrameikningi.
- Útgefnir voru fimm stórar sýningarskrár upp á 60 síður.
- Safnkostur telst fullskráður. Öll verk hafa verið yfirfærð í Sarp sameiginlegan gagnagrunn fyrir listasöfnin í landinu.
- 2400 nemendur heimsóttu safnið.
- Verk eftir 2 listamenn voru sýnd á kynningarsvæði safnsins í landgangi Leifsstöðvar.
- Listasafnið rak Listaskólann og hélt 2 sumarnámskeið fyrir 7-13 ára börn.
- Listasafnið stýrði verkefnum Listahátíð barna og List án landamæra.
- Fjórir fastráðnir starfsmenn eru við safnið í 3.10 stöðugildum, þrír lausráðnir í hlutastörfum auk fimm sem tóku að sér tímabundin verkefni.
- Gestum fjölgaði lítillega á milli ára. Heildargestafjöldi var 25.200 sbr. við 24.839 árið áður.

## 1. FORSAGA OG HLUTVERK

Listasafn Reykjanesbæjar hóf formlega starfsemi í apríl 2003. Þá var opnaður góður sýningarsalur í Duus Safnahúsum sérstaklega ætlaður Listasafninu og einnig var unnin stofnskrá, starfsfólk var ráðið og safnið fékk sjálfstæðan fjárhag. Listasafn Reykjanesbæjar var þar með orðin sjálfstæð stofnun í bæjarfélaginu og eitt af þremur söfnum bæjarins. Listasafn Reykjanesbæjar hafði þó verið til sem hugmynd, allt frá sameiningu sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Á þeim tíma var þó varla hægt að tala um eiginlegt listasafn heldur aðeins utanumhald á listaverkaeign bæjarins.

Listasafn Reykjanesbæjar er ennþá eina listasafnið á Suðurnesjum og skipar því stórt hlutverk í menningarlífi svæðisins. Megin hlutverk Listasafnsins er að varðveita listaverk Reykjanesbæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra og myndlistar á svæðinu og miðla þeirri þekkingu til heimamanna og annarra eftir bestu getu og ekki síst að standa fyrir öflugum sýningarstarfi. Ný stofnskrá var samþykkt í menningarráði Reykjanesbæjar 14. september 2010 og var svo endurskoðuð í nóvember 2013. Starfsáætlun 2012 -2015 var samþykkt í menningarráði Reykjanesbæjar í október 2011. Listasafn Reykjanesbæjar sótti um formlega gildingu til menntamálaráðneytisins í nóvember 2013 samkvæmt nýjum safnalögum og hlaut gildinguna í febrúar 2014.

## 2. SAFNKOSTUR

Safnið á verk úr öllum helstu flokkum myndlistar, bæði inni- og útiverk og er safneignin mjög fjölbreytt. Virk og markviss söfnun, þ.e. söfnun eftir söfnunarstefnu hefur verið viðhöfð frá og með árinu 2004 og ávallt verið tekið mið af því fjármagni sem hverju sinni er úthlutað til listaverkakaupa. Árið 2014 var skráning safnkostsins flutt yfir í Sarp, sameiginlegan gagnagrunn allra safnanna í landinu. Á árinu 2015 og fram á 2016 einbeittum við okkur að ítarskráningu og var starfsmaður með fagþekkingu verkefnaráðinn til þess að yfirfara skráningu allra verkanna ekki síst með tilliti til listfræðilegs þáttar þeirra. Þessu verkefni var framhaldið 2017. Árið 2015 voru verk einnig flutt úr geymslu á Tjarnargötu 12 yfir í framtíðar safngeymslur listasafnsins í Ramma og eru nú öll verk þar, sem ekki eru uppsett í hinum ýmsu stofnunum. Sömuleiðis hafa staðsetningar verka verið skilgreindar og færðar inn í Sarp. Árið 2017 fór að stórum hluta í að bregðast við matsskýrslu Safnaráðs um aðbúnað í safngeymslum safnsins. Inga Þórey Jóhannsdóttir myndlistarmaður var verkefnaráðin til þess. Meðal helstu verkefna sem

voru unnin var að neðstu hillur í safngeymslu voru allar hækkaðar upp til að verjast lekatjóni, sett var sýrufrítt undirlag í allar hillur í safngeymslum svo vel fari um verkin og þau skemmist ekki þegar þau eru færð til. Allar plastumbúðir voru fjarlægðar utan af málverkum og endurraðað í allar hillur, sýrufrí spjöld sett á milli verka þar sem þörf var á, viðkvæmum verkum og skúlptúrum pakkað inn í silkipappír eða óbleikt léreft og fleira í þeim dúr þannig að öryggi verkanna sé sem best tryggt, sjá viðauka I.

## 2.1 SÖFNUNARSTEFNA

Söfnunarstefnan sem unnið er eftir var endurskoðuð og samþykkt í nóvember 2010. Samkvæmt henni er m.a. lögð sérstök áhersla á að eignast verk eftir listamenn af Suðurnesjum og eignaðist safnið fjölda nýrra verka eftir Suðurnesjamenn á árinu sem aðallega bárust safninu að gjöf en nokkur voru þó keypt og er hér með vísað í kaflann um safnauka (2.2).

### Söfnunarstefna Listasafns Reykjanesbæjar:

1. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir listamenn Suðurnesja frá öllum tímum.
2. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu öllu.
3. Safnið skal hvetja unga listamenn af Suðurnesjum til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni.
4. Stefnt skal sérstaklega að söfnun verka eftir börn og unglinga úr Reykjanesbæ og ætlunin að koma upp góðu yfirliti yfir listiðkun þeirra.
5. Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.
6. Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við fjárframlög hverju sinni.
7. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

## 2.2 SAFNAUKI OG RANNSÓKNIR 2017

Töluverður fjöldi verka bættist við safneignina á árinu eða samtals 246 verk. Munar þar mestu um höfðinglega gjöf afkomenda listamannsins og Njarðvíkingsins Áka Gränz sem færðu safninu 158 verk úr ýmsum flokkum allt frá skissum og teikningum upp í málverk og skúlptúra, sjá viðauka II. Þá gaf listamaðurinn Stefán Geir Karlsson safninu 10 verk eftir sjálfan sig sem árið 2003 voru sýnd á einkasýningu hans í Listasafni Reykjanesbæjar. Fleiri gjafir bárust safninu á árinu. Sigurjón Vikarsson gaf 16 verk úr eigu sinni eftir ýmsa

listamenn sem tengjast svæðinu; Fríða Rögnvaldsdóttir færði safninu 3 verk úr dánarbúi móður sinnar með tengingar við svæðið; sömuleiðis færði Björg Guðjónsdóttir Matthews safninu 2 verk. Þá bárust safninu verk úr eigu Birgis heitins Guðnasonar sem gefin voru af ekkju hans Hörpu Þorvaldsdóttur og börnum þeirra. Loks bárust safninu verk eftir ýmsa málara sem prýtt höfðu veggj dvalarheimilisins Garðvangi í Garði á meðan það var starfrækt. Í kjölfar sýninga safnsins á árinu eignaðist safnið 9 verk sem listamenn gáfu safninu og 6 verk voru keypt af sýningum listamanna héðan af svæðinu á Ljósanótt. Að lokum eru skráð í safnauka ársins 29 eldri verk úr eigu safnsins sem ekki höfðu fengið formlega skráningu. Samtals bættust því við safneignina 246 verk árið 2017 og telst nú safnkosturinn allur fullskráður. Heildarfjöldi verka í safneigninni er nú 949.

Þótt safnkosturinn teljist nú fullskráður heldur vinna við hann áfram. Til að mynda er það framtíðarverkefni að fá vandaðar ljósmyndir af öllum verkum. Verkin eru flest mynduð en eingöngu er um „vinnumyndir“ að ræða. Þá þarf einnig að vinna upp úr grunninum samninga við allar þær stofnanir sem hýsa verk úr safneigninni þannig að viðkomandi stofnun hafi yfirlit þau verk sem hún hefur að láni og verði um leið meðvitaðri um ábyrgð sína varðandi þau. Einnig á enn eftir að taka afstöðu til undirflokka svo sem hvort verk barna skuli skráð í sérstakan undirflokk og sama má segja um ýmsar gjafir sem berast bænum m.a. frá vinabæjum. Verk sem berast safninu eru nú skráð jafnt og þétt inn í grunninn en nauðsynlegt mun reynast að fá aðila með listfræðilega þekkingu reglulega t.d. á tveggja ára fresti, til að yfirfara nýjar skráningar með tilliti til listfræðilegrar umfjöllunar um þau.

Árið 2016 var að beiðni Safnaráðs unnin ítarleg úttekt á húsakosti safnsins bæði geymslum og sýningarrými, varðveislu verka og öryggismálum, skráningu verka, aðgengi að safnkosti og sýningum. Skýrslu með niðurstöðum var skilað til Safnaráðs í lok september 2016 en hún var þáttur í eftirliti þess með viðurkenndum söfnum. Matsskýrsla frá Safnaráði með tillögum um úrbætur bárust safninu í febrúar 2017. Inga Þórey Jóhannsdóttir var verkefnaráðin til að fara í gegnum skýrsluna og gera þær breytingar og lagfæringar sem kallað var eftir eins og fram kom fremst í þessum kafla. Sjá viðauka I.

## Safnauki 2017:

Nr	LRN	Listamaður	Heiti verks + ártal	Fengið	Grein	
1	16	Runólfur Elentínusson		1991	Gjöf	Vatnslitamynd
2	353	Fríða Rögnvaldsdóttir	Tilbrigði við stórborg I, 1993		Gjöf	Pastelmynd
3	410	Erla Sigurbergisdóttir		1992	Gjöf	Olíumálverk
4	411	Tobba Óskarsdóttir			Gjöf	Blönduð tækni
5	657	Bragi Einarsson		1991	Gjöf	Vatnslitamynd
6	750	Runólfur Elentínusson		1971	Gjöf	Vaxlitamynd
7	760	Bragi Einarsson		1989	Gjöf	Vatnslitamynd
8	888	Soffía Þorkeldsdóttir	Litbrigði		Gjöf	Samklipp
9	889	Magnús Valur Pálsson	Á ferð, 1986		Gjöf	Dúkrstur
10	890	Magnús Valur Pálsson	Inn um gluggann, 1986		Gjöf	Dúkrstur
11	891	Magnús Valur Pálsson	Afríkuskúlptúr, 1986		Gjöf	Dúkrstur
12	892	Bragi Einarsson	Keilir, 1991		Gjöf	Vatnslitamynd
13	893	Sigurþór Jakobsson	Bátar, 1970-80		Gjöf	Steinþrykk
14	894	Sigrún K. Eldjárn		1984	Gjöf	Blýantsteikning
15	895	Sigrún K. Eldjárn		1984	Gjöf	Blýantsteikning
16	896	Guðbjartur Gunnarsson	Fjallkonan frið, 1989		Gjöf	Blönduð tækni
17	546	Helgi S. Jónsson		1959	Gjöf	Akrýlmálverk
18	548	Helgi S. Jónsson		1959	Gjöf	Akrýlmálverk
19	761	Ríkey Ingimundardóttir		1978	Gjöf	Gvassmynd
20	762				Gjöf	Túskteikning
21	772				Gjöf	Blönduð tækni
22	775				Gjöf	Málverk
23	751	Helgi S. Jónsson	Bátar í höfn, 1959		Gjöf	Blönduð tækni
24	752	Sigfús Halldórsson		1957	Gjöf	Málverk
25	753	Kristinn Reyrr	Vatn í landslagi		Gjöf	Málverk
26	763	Eggert F. Guðmundsson	1950-70		Gjöf	Málverk
27	764	Arinbjörn Þorvarðarson	Eldey, 1948		Gjöf	Málverk
28	765	Sigríður Rósinkarsdóttir	Leikur með andstæður ííslenskri sveit		Gjöf	Vatnslitamynd
29	766	Jónas Marteinn Guðmundsson	1970-80		Gjöf	Vatnslitamynd
30	767	Bragi Einarsson		1991	Gjöf	Vatnslitamynd
31	768	Ásta Eygló Pálsdóttir	1980-90		Gjöf	Vatnslitamynd
32	771	Hjörvar Kristjánsson	Frá Þingvöllum, 1960-70		Gjöf	Málverk
33	776	Alma Dís Kristinsdóttir		1992	Gjöf	Málverk
34	777		Arnarstapi á Snæfellsnesi, 2001		Gjöf	Málverk
35	948	Stefán Geir Karlsson	Gullvagninn I, 2002		Gjöf	Blönduð tækni
36	949	Stefán Geir Karlsson	Gullvagninn II, 2002		Gjöf	Blönduð tækni
37	950	Stefán Geir Karlsson	Umhverfisspjöll?, 2002		Gjöf	Tréskúlptúr
38	951	Stefán Geir Karlsson	Örkin hans Nóa, 1995		Gjöf	Tréskúlptúr
39	952	Stefán Geir Karlsson	Gleraugu galleríhaldara, 1998		Gjöf	Blönduð tækni
40	953	Stefán Geir Karlsson	Ásjóna Nóbelskállds		Gjöf	Blönduð tækni
41	954	Stefán Geir Karlsson	Keilir, 2002		Gjöf	Tréskúlptúr
42	955	Stefán Geir Karlsson	Eiríksjökull, 2002		Gjöf	Tréskúlptúr
43	956	Stefán Geir Karlsson	Auðnuspor, 1995		Gjöf	Blönduð tækni
44	957	Stefán Geir Karlsson	Indverskt munstur I, 2017		Gjöf	Tréskúlptúr



Nr	LRN	Listamaður	Heiti verks + ártal	Fengið	Grein
45	734	Árni Johnsen		Keypt	Ljósmynd
46	735	Árni Johnsen		2009 Keypt	Ljósmynd
47	736	Oddgeir Karlsson	Gunnhver, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
48	737	Oddgeir Karlsson	Krýsuvík, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
49	738	Oddgeir Karlsson	Fitjar, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
50	739	Oddgeir Karlsson	Gráa Lónið, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
51	740	Oddgeir Karlsson	Selatangar, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
52	741	Oddgeir Karlsson	sólþurrkun, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
53	742	Oddgeir Karlsson	Brú, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
54	743	Oddgeir Karlsson	Stafnes, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
55	744	Oddgeir Karlsson	Hvalsnes, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
56	745	Oddgeir Karlsson	Krýsuvíkirkirkja, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
57	746	Oddgeir Karlsson	Fuglasteinn, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
58	747	Oddgeir Karlsson	Sandgerðistjarnir, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
59	748	Oddgeir Karlsson	Snorrastaðatjarnir, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
60	749	Oddgeir Karlsson	Stórhólmur, Reykjanes, 2005	Keypt	Ljósmynd
61	773	Jón Ágúst Pálmason	Svipmynd úr sögu Keflavíkur, 1992		Blýantsteikning
62	774	Eirún Sigurðardóttir	Höll blekkinganna, 2008		Bókverk
63	778	Þóra Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir	Fjölskyldan, 2010		Blönduð tækni
64	779	Helga Ingólfssdóttir	Maður og kona Jóns Thoroddsens, 2012		Blönduð tækni
65	780	Þóra Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir	Tröllið í múlanum, 2012		Blönduð tækni
66	781	Þóra Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir	Ólafur Liljúrós, 2010		Blönduð tækni
67	782	Þóra Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir	Hrafninn		Blönduð tækni
68	783	Helga Ingólfssdóttir	Verstöð, 2012		Blönduð tækni
69	784	Þóra Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir	Sæmundur fróði, 2010		Blönduð tækni
70	785	Þóra Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir	Piltur og stúlka, 2010		Blönduð tækni
71	786	Þóra Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir	Förin frá Málmei, 2012		Blönduð tækni
72	787	Helga Ingólfssdóttir	Vistaskipti, 2010		Blönduð tækni
73	788	Helga Ingólfssdóttir	Sjávarbær, 2012		Blönduð tækni
74	664	Svanhildur og Sara Vilbergsdætur	Svarti skógur, 2016	Gjöf	Olíumálverk
75	733	Phyllis Ewen	Gunnhver, 2016	Gjöf	Pappírsskúlpúr
76	754	Gillian Pokalo	Bóndabær á Reykjanesi í fjarska	Gjöf	Blönduð tækni
77	759 - 1-8	Listahátíð barna, ýmsir	Dýrin mín stór og smá	Gjöf	Ljósmyndir
78	770	Elísabet Ásberg	Ígulker, 2017	Gjöf	Málmskúlpúr
79	789	Listahátíð barna, ýmsir	Samtíðinn tónlistar og myndlistar	Gjöf	Málverk
80	790	Listahátíð barna, ýmsir	Samtíðinn tónlistar og myndlistar	Gjöf	Málverk
81	946	Fríða Dís Guðmundsdóttir	Próf/Tests#febrúar 2012, 2017	Gjöf	Akrýlmálverk
82	947	Louise Hazell A Harris	Andlit IV, 2015	Gjöf	Samklipp, vatnslitamynd
83	755	Ethoríó		2017 Keypt	Pennateikning
84	756	Sigríður Á. Guðmundsdóttir	Ævintýri, 2016	Keypt	Blönduð tækni
85	757	Gunnhildur Þórðardóttir	Lines with blue square, 2011	Keypt	Blönduð tækni
86	758	Gunnhildur Þórðardóttir	Komposition í rauðu og gráu, 2011	Keypt	Blönduð tækni
87	945	Sossa	Andað, 2017	Keypt	Olíumálverk
88	769	sossa, Anton Helgi Jónsson	Konan í daladal, 2017	Keypt	Einþrykk
89-246		Áki Granz		Gjöf	Sjá viðauka

### 3. SÝNINGAHALD

#### 3.1 SÝNINGARSTEFNA (SAMÞYKKT 2. NÓV 2010)

1.gr.

Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir listamenn Suðurnesja frá öllum tímum.

2.gr

Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu öllu.

3.gr.

Safnið skal hvetja unga listamenn af Suðurnesjum til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni.

4.gr.

Stefnt skal sérstaklega að söfnun verka eftir börn og unglunga úr Reykjanesbæ og ætlunin að koma upp góðu yfirliti yfir listiðkun þeirra.

5.gr.

Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.

6.gr.

Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við fjárframlög hverju sinni.

7.gr.

Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

#### 3.2 SÝNINGAR ÁRSINS

Sýningahald hefur allt frá upphafi verið viðamikill liður í starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar. Safnið hefur komið beint eða óbeint að fjölda sýninga sem haldnar hafa verið í bæjarfélaginu á árinu m.a. á Ljósanótt auk sýninganna sem safnið hefur haft forgöngu um í sýningarsölum sínum í Duus Safnahúsum. Listasafnið hefur einn fastan sýningarsal í Duus Safnahúsum og er það Listasalur en að auki setur safnið upp tímabundnar sýningar í öðrum sölum hússins. Settar voru upp 5 sýningar í Listasal, 3 sýningar í Bíósal, 2 sýningar í Gryfjunni og 4 í Stofunni. Alls setti safnið því upp 14 sýningar í sölum Duus Safnahúsa árið 2017.

Jan.	Ást á íslenskri náttúru, Áki Gränz og Oddgeir Karlsson	Stofan
Jan.	Íslensk náttúra, verk úr safneign	Bíósalur

10.feb.	Úlfatími, málverk, Sara og Svanhildur Vilbergsdætur	Listasalur
4.maí	Hafliðaverkefnið, samtv. tónlistar og myndlistar, Listah. Barna	Bíósalur
4.maí	Dýrin mín stór og smá, Listahátíð barna, grunnskólar	Gryfjan
4.maí	Dýrin mín stór og smá, Listhátíð barna, leikskólar	Listasalur
4.maí	Listahátíð barna, listnámsbraut FS	Stofan
31.maí	Það sem eftir stendur, myndverk blönduð tækni, Gillian Pokalo	Stofan
9.júní	A17, íslensk abstraktlist í upphafi 21.aldar, samsýning	Listasalur
Júní	Íslensk náttúra, verk úr safneign	Bíósalur
31.ágú.	Horfur, Helgi Hjaltalín Eyjólfsson	Listasalur
31.ágú.	Glyttur, skúlptúrar, Elísabet Ásberg	Gryfjan
31.ágú.	Blossi, málverk og grafík, Sossa og Anton Helgi Jónsson	Bíósalur
31.ágú.	Próf, málverk, Fríða Dís Guðmundsdóttir	Stofan
11.nóv.	Við girðinguna, málverk, Úlfur Karlsson	Listasalur

### 3.3 LISTASALUR

#### 3.3.1 Úlfatími, Sara og Svanhildur Vilbergsdætur

Þann 10. febrúar opnaði sýning á málverkum Duo systra. Sýningin bar titilinn Úlfatími sem sóttur var í smiðju sænska kvikmyndaleikstjórans Ingmar Bergman: „Tíminn milli nætur og dagrenningar. Tíminn þegar flestir deyja, þegar svefninn er hvað dýpstur og martraðir raunverulegastar. Þá sækir mestur ótti að þeim sem ekki geta sofið, og bæði draugar og drýsildjöflar fara mikinn. Flest börn fæðast einnig á Úlfatíma.“ Þessi orð Bergman urðu systrunum kveikjan að nýjustu verkum þeirra. Þær eru þekktar fyrir litskrúðug verk sín sem segja endalausar sögur, bæði þessa heims og annars og nú brá við nýjum tóni sem ekki hafði sést áður. Sara og Svanhildur máluðu sem fyrr saman, sömu verkin og á sýningunni Úlfatíma mátti sjá 20 olíuverk sem flest voru ný og höfðu ekki sést áður. Sýningin stóð til 23.apríl og voru þær systur með leiðsögn sunnudaginn 12.mars. Sýningarstjóri var Aðalsteinn Ingólfsson.

#### 3.3.2 LISTAHÁTÍÐ BARNNA

Þann 4. maí voru sýningar á listahátíð barna opnaðar í 12. sinn en hátíðin er samvinnuverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskóla bæjarins, allra 6 grunnskólanna, Tónlistarskólans, dansskólanna og listnámsbrautar Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hátíðin hefur vaxið og eflst með hverju ári og er virðing fyrir börnum, störfum þeirra og þörfum höfð að leiðarljósi. Verk leikskólabarnanna voru staðsett í Listasal undir heitinu *Dýrin mín stór og smá*, verk grunnskólabarnanna voru til sýnis í Gryfjunni nú í fyrsta sinn undir sama heiti og leikskólanna og verk FS voru staðsett í Stofunni. Þá fór fram sérstakur gjörningur í tengslum við tónskáldið og myndlistarmanninn Hafliða Hallgrímsson laugardaginn 6. maí og var afrakstur hans til

sýnis í Bíósal.

### **Dýrin mín stór og smá: Leikskóli**

Á hverju ári er ný yfirskrift valin fyrir sýningu leikskólabarnanna. Ýmis viðfangsefni hafa orðið fyrir valinu m.a. vináttan, hafið, himinninn, sögur og ævintýri, umhverfið, bækur. afmæli og tröllin og fjöllin. Í ár voru það dýrin sem voru í fyrirrúmi en það viðfangsefni höfðaði auðvitað mjög vel til barnanna. Yfirskriftin leggur grunn að margvíslegu námi barnanna stóran hluta úr vetri. Kafað er ofan í viðfangsefnið frá ýmsum sjónarhornum og afraksturinn birtist m.a. í glæsilegum skúlptúrum sem settir eru fram í formi listsýningar. Úr verður ævintýraheimur sem lætur hvorki fullorðna né börn ósnortin.

### **Dýrin mín stór og smá: Grunnskóli**

Fram til þessa hafði sýning grunnskólanna ekki tengst sérstakri yfirskrift en samanstóð af úrvali verka úr list- og verkgreinastarfi vetrarins. Í þetta sinn var skrefið stigið að vinna undir sömu yfirskrift og leikskólarnir og kom það virkilega vel út. Gryfjan fylltist af alls kyns dýrum auk þess sem allir nemendur 4. bekkja bjuggu til fugla sem svifu um loft salarins. Fjóruðu bekkingar voru sérstakir gestir við opnun sýningarinnar og Friðrik Dór var fenginn til að syngja með krökkunum lög sem m.a. tengdust dýrum svo sem lagið Glaðasti hundur í heimi.

### **Sýning fjölbrautaskólans**

Það hefur verið virkilega skemmtileg viðbót að fá nemendur af listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja til þátttöku í Listahátíð barna. Þótt ekki séu þeir börn lengur í eiginlegum skilningi, byggja þeir listsköpun sína líklega á því veganesti sem þeir hluta á fyrri skólastigum um leið og verk þeirra geta orðið yngri nemendum innblástur. Sýning FS var haldin í Stofunni og við opnun fluttu nemendur sjálfir tónlist.

### **Hafliðaverkefnið: Samtvinnun myndlistar og tónlistar**

Einn af hápunktum Listahátíðarinnar þetta árið var verkefnið *Samtvinnun myndlistar og tónlistar*, sem byggði á myndverkum og tónverkum Hafliða Hallgrímssonar. Afrakstur þess var tónlistargjörningur þar sem tónlist og myndlist voru tvinnuð saman og var fluttur í Bíósal Duus safnahúsa laugardaginn 6. maí. Kveikjan að verkefninu var sú að Listasafni Reykjanesbæjar barst haustið 2016 vegleg listaverkagjöf frá Hafliða Hallgrímssyni tónskáldi sem búið hefur í Skotlandi um árabil. Hafliði er eins og margur listamaðurinn, hagar á fleiri en eina listgrein og ásamt því að vera eitt af fremstu tónskáldum þjóðarinnar hefur hann iðkað myndlist um árabil. Gjöfin samanstóð af 7 málverkum og 14 grafíkverkum, nánar tiltekið silkigrafík og öll verkin voru abstrakt.

Verkefnið gekk út á að halda sérstakt námskeið eða vinnusmiðju með ungu fólki í Reykjanesbæ í tengslum við Listahátíðina þar sem unnið var með tengingu tónlistar og myndlistar og listaverk Hafliða, bæði myndverk og tónverk, voru lögð fram sem kveikja. Unnið var með nemendum bæði í tónlist og myndlist og áhersla lögð á tónsmíðar og gerð myndverka. Sérmenntaðir leiðbeinendur voru fengnir til að vinna með unga fólkinu, annars vegar tónskáld og tónlistarkennarar frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og hins vegar myndlistarmenn og myndlistarkennarar frá Listasafni Reykjanesbæjar og þremur grunnskólum bæjarins. Hóparnir unnu svo ýmist einir eða allir saman í rúma tvo mánuði þar til afraksturinn var kynntur með uppákomu í Bíósal Duus Safnahúsa eins og áður segir. Hafliði Hallgrímsson, sem var sérstakur gestur við viðburðinn, var kynntur og opnuð samsýning á málverkum hans og myndverkum unga fólksins sem unnin voru á tímabilinu. Einnig var leikin tónlist eftir Hafliða og úrval af þeim tónverkum sem samin voru á námskeiðinu. Uppákomunni lauk svo með gjörningi þar sem tónlistarnemendur túlkuðu valið verk eftir Hafliða í frumsaminni tónlist og á sama tíma túlkuðu myndlistarnemendur tónlist samnemendanna í myndverkum. Þetta verkefni var mjög metnaðarfullt og hlaut sérstakan styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

### 3.3.3 A17

Listasafn Reykjanesbæjar opnaði sýninguna A17 sem fjallaði um íslenska abstraktmyndlist við upphaf 21. aldar, föstudaginn 9. júní. Þar mátti sjá verk eftir Áslaugu Írisi Katrínu Friðjónsdóttur, Höddu Fjólu Reykdal, Halldór Ragnarsson, Loga Bjarnason, Magnús Helgason, Mörtu Maríu Jónsdóttur og Söru Oskarsson.

Abstraktmyndlist hefur átt undir högg að sækja í íslensku myndlistarlífi á undanförunum áratugum og af samtölum við þátttakendur í sýningunni mátti ráða, að til þess að skapa abstraktmyndlist hefðu þeir nánast þurft að kúpla sig út úr íslensku myndlistarlífi, finna sér nýja listaskóla og aðra „senu“. Þá opnaðist fyrir þeim „nýr heimur“, eins og haft var eftir einum þátttakenda í sýningunni. Og hvað var það sem þessi „nýi heimur“ hafði til síns ágætis? Viðmælendur nefndu m.a. alþjóðlegt tungumál abstraktlistarinnar, ríkulegt huglægt myndmál, frjálsræði, óútreiknanlega framvindu, tilfinningalega „hleðslu“ og þann möguleika að skapa sér einka svigrúm til tjáningar.

Allt þetta var fyrir hendi í verkum þeirra sjö listamanna sem gat að líta á sýningunni. Þeir vilja láta taka sig alvarlega og ætla ekki að hliðra fyrir öðrum viðhorfum fyrr en í fulla

hnefana. Sýningarstjórar voru Aðalsteinn Ingólfsson og Bjarni Sigurbjörnsson og var Bjarni með leiðsögn um sýninguna sunnudaginn 18. júní. Sýningin stóð til 20. ágúst.

### 3.3.4 HORFUR. LJÓSANÆTURSÝNING

(Jaðarsettur) miðaldra kalmaður staðsettur í Höfnum reynir að útskýra fyrir sér ástand heimsins og hverjar horfunar séu. Í gegnum miðla myndlistarinnar þreifur hann á og gerir tilraun til að skilja og læra meira um þessa veröld sem við byggjum.

Á Ljósanótt var boðið upp á einkasýningu Helga Hjaltalíns Eyjólfssonar sem búsettur er í Höfnum.

Helgi (f. 1968) kláraði listasvið Fjölbrautaskólans í Breiðholti og sótti síðan nám við Myndlista-og handíðaskóla Íslands 1988-91, Kunstakademie Dusseldorf 1991-92, AKI í Hollandi 1992-94 og San Francisco Art Institute 1994-95. Hann hefur verið virkur í sýningarhaldi jafnt hér heima sem erlendis síðan á námsárunum. Helgi rak sýningarrýmið 20 fermetrar um hríð og hefur sinnt ýmsum störfum tengdum myndlist svo sem stjórnarsetu í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík og Nýlistasafninu, verið í sýningarnefndum og starfað við kennslu. Verk Helga eru í safneign helstu safna hér heima og í eigu safnara og safna erlendis. Sýningin stóð til 5. nóvember.

### 3.3.5 VIÐ GIRÐINGUNA

Listasafn Reykjanesbæjar opnaði sýninguna *Úlfur við girðinguna* 11. nóvember. Þar var á ferðinni einkasýning Úlfs Karlssonar sem er fæddur árið 1988 og er með eftirtektarverðustu listmálurum sinnar kynslóðar. Verk hans eru litríkar og átakamiklar hugleiðingar um mannlífið í abstrakt-expressjónískum anda. Úlfur hefur sýnt verk sín víða, bæði á Íslandi og erlendis og m.a. í Hilger, hinu þekhta gallerí í Austurríki.

Heiti sýningarinnar *Úlfur við girðinguna* vísaði til eiginlegrar staðsetningar hennar, nálægt gömlu flugvallargirðingunni þar sem fyrrum mættust íslensk og bandarísk menning: Íslendingasögur og teiknimyndasögur, rímnastemmur og rokkónlist, sviðakjappar og Hershey's súkkulaði. En sýningin var líka um girðingar í óeiginlegri merkingu, mörkin milli hins smáa og hins stóra, eyjaskeggja og meginlandsbúa, hins heimatilbúna og aðfengna, hins þekhta og óþekhta. Og sýning Úlfs staðfesti með sínum hætti, og af sérstökum ástríðukrafti að girðingin er ekki lengur held. Fiðrildi austur í Asíu blakar vængjum og kemur af stað hvírfilbyl hinum megin á hnettinum. Ofbeldi og

óáran utan landsteina eru á augabragði orðin hluti af heimsmynd okkar, þökk sé snjallsímanum.

Verk Úlfs eru litríkur vettvangur útkljáðra átaka, skyndilegra hugljómana og ókláraðra frásagna. Mörkin milli veruleika og óraunveruleika eru yfirleitt óljós og á endanum skilur listamaðurinn eftir heilmikið fyrir okkur að ígrunda, löngu eftir að myndir hans eru horfnar okkur sjónum. Sýningarstjórinn Aðalsteinn Ingólfsson og listamaðurinn sjálfur vour með leiðsögn um sýninguna 12.nóvember. Sýningin stóð til 14. janúar.

### 3.4 BÍÓSALUR DUUSHÚSA

Í Bíósalnum eru settar upp tímabundnar sýningar ýmist á vegum Listasafns eða Byggðasafns eða sameiginlega á vegum safnanna beggja. Árið 2017 voru einungis sýningar á vegum listasafnsins í salnum.

#### 3.4.1 ÍSLENSK NÁTTÚRA

Í byrjun árs var sýning frá fyrra ári með landslagsverkum úr safneign undir yfirskriftinni Íslensk náttúra. Verkin sýndu öll íslenska náttúru og eru eftir 16 listamenn frá ýmsum tímum og eru unnin í margvísleg efni s.s. olíu, leir og textíl. Elsta verkið var eftir Þórarin B. Þorláksson frá árinu 1906 og það yngsta eftir Sigtrygg Bjarna Baldvinsson frá árinu 2008. Aðrir listamenn sem áttu verk á sýningunni voru Arngunnur Ýr, Ása Ólafsdóttir, Ásgrímur Jónsson, Eggert Guðmundsson, Eiríkur Smith, Guðmundur Karl Ásbjörnsson, Húbert Nói, Jóhannes Geir, Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson, Ólafur Túbals, Sigmar V. Vilhelmsson og Steinunn Marteinsdóttir.

Sýningarstjóri var Valgerður Guðmundsdóttir.

#### 3.4.2 HAFLIÐAVERKEFNIÐ: SAMTVINNUN MYNDLISTAR OG TÓNLISTAR

Í tengslum við Listahátíð barna var sett upp sýning á listaverkagjöf Hafliða Hallgrímssonar en árið 2016 færði hann safninu að gjöf 21 verk, 7 málverk og 21 silkiþrykksverk. Sú gjöf varð kveikja að verkefninu *Samtvinnun myndlistar og tónlistar*, sem byggði á þessum myndverkum og tónverkum Hafliða Hallgrímssonar. Afrakstur þess var tónlistargjörningur þar sem tónlist og myndlist voru tvinnuð saman og var fluttur í laugardaginn 6. Maí, sjá kafla 3.3.2. Til viðbótar við verk Hafliða voru sett upp í salnum verk sem voru afrakstur þessa verkefnis.

### 3.4.3 BLOSSI

Sýningin Blossi var opnuð fimmtudaginn 31. ágúst ásamt öðrum sýningum í Duus Safnahúsum í tengslum við Ljósanótt. Á sýningunni voru málverk eftir Sossu og innrömmuð ljóð eftir Anton Helga Jónsson sem snúast um ástar- og hlutverkaleiki kynjanna. Sossa og Anton Helgi Jónsson eiga það sameiginlegt að hafa bæði velt fyrir sér margbreytileika mannlífsins, hún í málverkum og hann í ljóðum. Með bros á vör og lífsgleðina að leiðarljósi drógu þau upp myndir af alls konar fólki í verkum sínum.

## 3.5 GRYFJAN

Gryfjan er einn sýningarsalanna í Duushúsum og þar hafa verið til skiptis sýningar á vegum Byggðasafns og Listasafns. Tvær sýningar voru á vegum Listasafnsins í salnum 2017.

### 3.5.1 LISTAHÁTÍÐ BARNNA

Í þriðja sinn héldu grunnskólarnir sameiginlega sýningu á úrvali verka vetrarins úr list- og verkgreinum á Listahátíð barna en nú undir sömu yfirskrift og leikskólinn, Dýrin mín stór og smá. Á sýningunni mátti sjá stórskemmtileg verk af hinum og þessum dýrum auk þess sem nemendur 4. bekkja fengu það verkefni að vinna fugla sem svifu yfir sýningarsalnum og sköpuðu skemmtilegt yfirbragð. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag og verður því haldið áfram.

### 3.5.2 GLYTTUR

Á Ljósanótt opnaði sýning Keflvíkingsins og listakonunnar Elísabetar Ásberg, "Glyttur." Um sýninguna sagði Elísabet: "Hið óþekkta líf undirdjúpanna hefur ávallt heillað mig. Íbúar þeirra deila með okkur jörðinni en er okkur að mestu huldir. Á þessari sýningu túlka ég þessa nágranna okkar og þeirra töfraveröld á huglægan hátt. Sýningin er óður minn til þeirra."

## 3.6 STOFAN

2015 bættist nýr sýningarsalur við þá flóru sem þegar er að finna í Duus Safnahúsum, Stofan í Bryggjuhúsi. Stofan er mikið nýtt til ýmiss konar fundahalds og þar hafa verið settar upp styttri sýningar einnig.



### 3.6.1 ÁST Á ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

Í upphafi árs voru sýndar í Stofunni ljósmyndir af Reykjanesi eftir Oddgeir Karlsson sem allar eru í eigu safnsins. Auk þess voru í sýningarskápum sýndir fuglar og grjót úr safni Njarðvíkingsins Áka Gränz en fjölskylda Áka færði Reykjanesbæ safn hans að honum gengnum, bæði náttúruminjar og listaverk, og var þetta fyrsti vísir af sýningu á því safni. Þessi sýning var ekki síst hugsuð fyrir ferðamenn sem sækja húsinn heim og er sett upp á milli þess sem utanaðkomandi sýningar eru settar upp í salnum.

### 3.6.2 LISTAHÁTÍÐ BARNNA: FS

Þann 4. maí opnaði sýning nemenda af listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Stofunni og var sú sýning ein af 4 sýningum í húsinu sem voru hluti af Listahátíð barna. Sjá nánar í kafla 3.3.2.

### 3.6.3 ÞAÐ SEM EFTIR STENDUR

Gillian Pokalo er bandarískur listamaður sem hrist hefur af íslenskri náttúru. Verkin sem voru til sýnis í Stofunni voru afrakstur tveggja ferða hennar til Íslands í apríl 2016 og mars 2017. Gillian segir sjálf um verkin sín: „Vinnuferlið hefst á ljósmyndum en myndefni þeirra gefur innsýn inn í hluti og staði sem hafa verið yfirgefnir. Mannvirki sem byggð eru til að standast tímans tönn, en eru síðar yfirgefin, segja mikið um mannlegt ástand okkar og kveikja spurningar um hver við erum og hver arfleifið okkar verður. Að lokum endurheimtir náttúran ávallt mannvirkin sem við byggjum, það er merki um tímabundið eðli veruleikans. Vinnuferli prentunar er svipað, bleikið sem verður eftir er sönnunargagn um prentunina, líkt og sönnunargögnin um byggð manna eru mannvirki þeirra. Prentunin gerir mér kleift að prenta ákveðið yfirgefið mannvirki mörgum sinnum en þannig getur mannvirkið sagt sögu sína á marga vegu.

### 3.6.4 PRÓF

Á sýningunni Próf/Tests var að finna 57 olíumálverk, öll í sömu stærð og í tveimur litum: hvítum og rauðum. Fyrirmynd málverkanna voru 57 þungunarpróf. 56 verkanna voru með einu rauðu lóðréttu striki á hvítmáluðum striga og lágu þau líkt og rauður þráður í gegnum sýninguna en 57. verkið skar sig úr enda sýndi það tvö rauð, lóðrétt strik. Hvert málverk táknaði einn mánuð í því 57 mánaða ferli sem það tók listamanninn og eiginmann hennar að verða barnshafandi. Málverkin báru því heiti þess mánaðar og árs sem hvert þungunarpróf var tekið, allt frá febrúar 2012 til októbers 2016. Verkin voru persónuleg en um leið lýstu þau reynsluheimi margra. Sýningin Próf/Tests var fyrst og

fremst hugsuð til að finna tilfinningum og erfiðri reynslu farveg og í leiðinni vekja athygli á málefnum sem varða ófrjósemi í formi myndlistar.

## 4. ÚTGÁFA, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR

### 4.1 SAMFÉLAGSMIÐLAR

#### 4.1.1 VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN

Á vefnum eru veittar upplýsingar um starfsemi safnsins með áherslu á sýningar og viðburði. Þar er að finna gott yfirlit yfir sýningar safnsins frá upphafi auk ýmissa hagnýtra upplýsinga. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn. Vefurinn var yfirfarinn í og ýmsar fíniseringar gerðar á honum í samstarfi við Kosmos og Kaos.

#### 4.1.2 FACEBOOK

Listasafnið notar Facebook markvisst til að koma viðburðum og starfsemi sinni á framfæri. Þar eru settar inn tilkynningar um það sem er efst á baugi hverju sinni, myndir af viðburðum og fólk hvatt til heimsóknar í safnið og til að mæta á þá viðburði sem boðið er upp á hverju sinni. Listasafnið á nú 972 aðdáendur á Facebook og hefur þeim fjölgað um 92 frá síðasta ári.

#### 4.1.3 INSTAGRAM

Safnið er einnig með Instagramreikning, #listasafnreykjanesbaejar / #reykjanesartmuseum og er að fíkra sig áfram með það.

### 4.2 PRENTUN

Listasafn Reykjanesbæjar hefur frá upphafi staðið fyrir öflugum útgáfustarfi og á síðasta ári voru gefnar út 5 stórar sýningarskrár upp á ca 60 síður hver. Í öllum skránum var gerð grein fyrir viðkomandi listamanni/mönnum og verkum hans/þeirra. Allur texti er ávallt þýddur yfir á ensku og því birtur bæði á íslensku og ensku í bæklingunum nema í Listahátíðarbæklingnum þar er textinn einungis á íslensku enda markhópurinn þar börn og foreldrar í Reykjanesbæ. Prentuð voru 300 eintök af öllum skránum nema þeirri sem fylgdi listahátíð barna, þar voru prentuð 500 eintök. Hver listamaður fékk svo í sínar hendur nokkur eintök af sínum bæklingi sem hann getur þá notað til kynningar. Ekki voru prentuð boðskort á þessu ári heldur aðeins send út tölvuboðskort. Auglýsingaplaköt voru prentuð í tengslum við allar sýningarnar. Hönnuður var Jón Oddur Guðmundsson og Litaprent sá um prentunina.

#### 4.3 LEIÐSAGNIR

Leiðsögn listamanns eða sýningarstjóra er fastur liður í tengslum við miðlunarhluta sýninganna auk þeirra kynninga sem starfsmenn safnsins veita á hverju sýningartímabili. Þann 12. mars voru þær systur Sara og Svanhildur Vilbergsdætur með leiðsögn um sýningu sína Úlfatími og var viðburðurinn liður í Safnahelgi á Suðurnesjum sem haldin var þessa helgi. Þann 18. júní var Bjarni Sigurbjörnsson annar tveggja sýningarstjóra með leiðsögn um sýninguna A17 í listasal. Í júlí var boðið upp á leiðsögn bandarísku listakonunnar Gillian Pokolo sem sýndi verk sín í Stofunni en þau voru afrakstur tveggja ferða hennar til Íslands í apríl 2016 og mars 2017. Á Ljósanótt var Fríða Dís Guðmundsdóttir með leiðsögn um sýningu sína Próf. Þá tók Elísabet Ásberg á móti gestum á sýningu sína Glyttur á sýningartímabilinu. Þann 24. september bauð Helgi Hjaltalín upp á leiðsögn um sýningu sína Horfur í listasal. Sunnudaginn 8. október voru myndlistarmaðurinn Sossa og ljóðskáldið Anton Helgi Jónsson með leiðsögn um sýningu sína Blossi í Bíósal. Síðasta leiðsögn ársins fór fram þann 12. nóvember þegar listamaðurinn Úlfur Karlsson og sýningarstjórinn Aðalsteinn Ingólfsson leiddu gesti um sýninguna Úlfur við girðinguna.

#### 4.4 SÖFNUN HEIMILDA

Heimildaöflun fylgir öllum sýningunum í Listasalnum. Upplýsingum um hvern einasta listamann sem þar sýnir er safnað saman og þær skráðar, s.s. menntun, yfirlit yfir allar sýningar og önnur störf sem viðkomandi hefur unnið í tengslum við myndlist. Öll verk á sýningunni eru ljósmynduð og skráð með heitum, stærð, hvenær unnin, úr hvaða efni o.fl. sem nauðsynlegt þykir að fylgi hverju verki. Þessar heimildir eru allar geymdar í skrá safnsins.

Heimildavinnu um myndlist og myndlistarmenn á Suðurnesjum sem hófst árið 2004 er fram haldið og nýjar upplýsingar koma fram á hverju ári. Við skráningu safnkostsins á árinu komu einnig fram ýmsar nýjar upplýsingar sem ávallt eru settar jafn óðum í Sarp.

#### 4.5 SAFNKENNSLA

Samkvæmt sýningastefnu safnsins er lögð áhersla á gott samstarf við skólana í bænum og upplýsingar um sýningar safnsins sérstaklega kynntar þeim. Þá er sömuleiðis lagt upp með skipuleggja sýningahald þannig að ákveðnar sýningar geti flokkast sem sérstakar nemendasýningar. Bréf eru send í alla skóla til að kynna þær sýningar sem í gangi eru hverju sinni og skólarnir hvattir til að bóka heimsóknir hjá fræðslufulltrúa safnsins sem jafnframt tekur á móti hópnum, veitir leiðsögn um sýningarnar og/eða leggur fyrir

verkefni í samvinnu við kennarana sem fylgja hópunum. Það hefur sýnt sig að það fer mjög eftir eðli sýninganna hversu mikið aðdráttarafl þær hafa fyrir nemendahópa. Einstaka sýningar slá í gegn á meðan aðrar draga til sín færri fólk. Það verður hins vegar að segjast að nemendaheimsóknirnar virðast að mestu einskorðast við þá skóla sem eru í göngufæri frá safninu, þ.e. Heiðarskóla, Holtaskóla og Myllubakkaskóla og eru sömuleiðis bundnar við einstaka kennara. Það má alveg velta fyrir sér þeim möguleika að miða ákveðnar sýningar á ákveðna hópa, þannig að t.d. nemendum 4. bekkjar sé boðið sérstaklega á ákveðnar sýningar o.s.frv. Þannig mætti mögulega ná betri árangri í nemendaheimsóknum.

Á árinu voru skráðar nemendaheimsóknir í Duus Safnahús í kringum 2.400 nemendur sem er fækkun um 300 nemendur frá fyrra ári. Af þessum hópi voru leikskólanemendur tæplega 1.300, grunnskólanemendur voru um 1.000 og framhaldsskólanemendur í kringum 170. Um 250 nemendur fengu formlega leiðsögn safnkennara um sýningar listasafnsins. Flest börn heimsækja safnið í tengslum við listahátíð barna og margir hópar koma einnig á eigin vegum án sérstakrar leiðsagnar.

#### 4.6 FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Vegna framkvæmda í flugstöðinni á árinu var ekki hægt að sýna verk í landgangi nema rétt í byrjun árs. Eina verkið sem sýnt var í flugstöðinni þetta árið var verk eftir Duosystur, Jesúbarnið. Verkin hafa vakið töluverða athygli hjá farþegum og okkur hafa borist fyrirspurnir frá þeim um listamennina. Vonir okkar standa því til þess að áframhald geti orðið á þessu verkefni þegar framkvæmdum er lokið.

## 5. ÖNNUR VERKEFNI

### 5.1 LISTASKÓLINN

Listasafnið hefur frá árinu 2003 haldið úti Listaskóla barna á sumrin þar sem markmiðið er að skapa börnum í sveitarfélaginu tækifæri til þátttöku í listrænu og skapandi starfi.

Listaskólinn er rekinn í samstarfi við Félag myndlistarmanna og Leikfélag Keflavíkur. Hann hefur boðið upp á sumarnámskeið fyrir 7-13 ára börn.

Boðið var upp á 2 þriggja vikna námskeið. Námskeiðin voru haldin dagana 13. – 30. júní og 3.-21. Júlí ágúst frá kl. 09:00 – 12:00 alla virka daga. Námskeiðsgjald var 12.000 kr. og veittur var 2.000 króna systkinaafsláttur. Umsjónarmaður skólans var Halla Karen Guðjónsdóttir og með henni starfaði Ólína Laufey Sveinsdóttir.

35 pláss voru í boði á hvoru námskeiðinu og þau fylltust bæði. Samtals sóttu námskeiðið því 70 börn, 62 stelpur og 8 strákar. Áhersla er lögð á myndlist og leiklist en aðal markmiðið er að öllum líði vel í notalegu og skapandi umhverfi og hver og einn fái verkefni við hæfi.

Það er mjög mikilvægt að börnum í bæjarfélaginu standi námskeið af þessu tagi til boða sem kemur til móts við þarfir þeirra sem hafa ríka sköpunargleði og listtengdan áhuga. Við sjáum líka mörg barnanna koma aftur og aftur á námskeiðið. Það er mat þeirra sem að verkefninu stóðu að vel hafi tekist til í sumar og að allir sem að komu, börn, foreldrar og starfsfólk hafi verið ánægt með afraksturinn.

## 5.2 LISTAHÁTÍÐ BARNNA

Listahátíð barna er samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskólanna, allra 6 grunnskólanna, Tónlistarskólans og dansskóla bæjarins auk Fjölbrautaskóla Suðurnesja og var haldin í 12. sinn dagana 4. - 21. maí 2017.

Yfirskrift leikskóla- og grunnskólahluta hátíðarinnar 2017 var *Dýrin mín stór og smá* og auk þess voru nemendur á listnámsbraut FS með sýningu í Stofu á verkum vetrarins. Gerð var grein fyrir hátíðinni í kafla 3.3.2.

Um 4.300 gestir heimsóttu Duushúsin þá 18 daga sem sýningin stóð. Það gerir um 230 gesti á dag sem verður að teljast einstaklega góð aðsókn.

Aðkoma Listasafnsins lá í skipulagningu og ut anumhaldi verkefnisins, kynningu, útgáfu sýningarskrár og fleiru sem til féll. Listasafnið hefur einnig staðið straum af megin kostnaði við verkefnið. Fræðsluvið hefur aukið aðkomu sína að verkefninu ekki síst þeim hluta sem snýr að aðkomu grunnskólanna og einnig tekið þátt í kostnaði þeim tengdum.

Þá hefur Tónlistarskóli Reykjanesbæjar tekið virkan þátt í hátíðinni með þátttöku í Hæfileikahátíðinni auk þess sem þau komu fram á ýmsum þeim stöðum þar sem viðburðir voru og óskað var eftir þátttöku þeirra. Sérstök fjölskyldudagskrá var haldin laugardaginn 6. maí. Boðið var upp á ýmsar listasmiðjur og skemmtiatriði fjölskyldum að kostnaðarlausu og tókst vel til. Tæplega 1.200 manns litu við í Duus Safnahúsum þennan dag.

## 5.3 LIST ÁN LANDAMÆRA

Sveitarfélögin á Suðurnesjum tóku þátt í Listahátíðinni List án landamæra í níunda sinn árið 2017. Á þessari einstöku hátíða vinna fatlaðir og ófatlaðir saman að ýmsum listtengdum verkefnum. Sótt var um sameiginlegan styrk til Uppbyggingarsjóðs sem fékkst og var hann nýttur til ráðningar á 2 verkefnastjórum og kaupum á aðföngum fyrir

stórtónleikana Hljómlið á landamæra sem haldnir voru í Stapa á sumardaginn fyrsta. Þar komu fram 8 fullbúin tónlistaratriði byggð á samstarfi þekktra tónlistarmanna og fólks með fötlun og eitt dansatriði. 6 atriði voru héðan af svæðinu auk þess sem atriði komu frá Selfossi og Akranesi. Hljómsveit heimamanna sá um lífandi undirleik við öll Suðurnesjaatriðin og kórinn Vox Felix undir stjórn Arnórs Vilbergssonar tók virkan þátt í viðburðinum. Gott samstarf var við Hljómahöll sem hýsti viðburðinn og sá um tæknilega útfærslu, lýsingu og hljóð. Um 60 manns komu fram þetta kvöld sem heppnaðist virkilega vel en áætlað er að um 450 manns hafi séð tónleikana.

Samstarfsaðilar í verkefninu voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum sem hefur verið með frá upphafi. Verkefnastjórar voru Halla Karen Guðjónsdóttir sem sá um utanumhald og framkvæmd verkefnisins í heild sinni og Guðný Kristjánsdóttir sem sá um þjálfun og skipulagningu tónlistaratriða.

Viðburðurinn heppnaðist sérlega vel og fullur vilji er til að halda þessu verkefni áfram. List á landamæra er í senn bráðskemmtilegt og samfélagslega nauðsynlegt verkefni sem við erum stoltir þátttakendur í og er það okkar von að það hljóti áfram stuðning frá sveitarfélögunum til að geta áfram vaxið og dafnað.

## 6. HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI

### 6.1 HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI

Listasafnið er rekstraraðili Duus Safnahúsa sem er menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar og þar er aðal sýningarsalur safnsins, Listasalur. Einnig hefur safnið verið með sýningar í Gryfjunni, Bíósal og Stofunni sem einnig eru í Duus Safnahúsum. Safngeymslur eru í Ramma, Seylubraut 1. Opnunartími safnsins var alla daga frá 12.00-17.00. Þess utan er opið þegar þurfa þykir, bæði fyrir á morgnana og fram á kvöld.

#### STARFSFÓLK

Fastráðið starfsfólk:

1. Valgerður Guðmundsdóttir skipar stöðu forstöðumanns	100 % staða
2. Guðlaug María Lewis deildarstjóri og fræðslufulltrúi	100 % staða
3. Gígja Rós Þórarinsdóttir safnfulltrúi	55 % staða
4. Sigrún Elefssen safnfulltrúi	55 % staða

Lausráðið starfsfólk:

5. Johan Daniel Jonsson hlutastarf við safnvörslu

6. Sonja Ósk Karlsdóttir afleysingar í safnvörslu
7. Jóna Björk Þórudóttir afleysingar í safnvörslu

Verkefnaráðið fólk:

8. Halla Karen Guðjónsdóttir, kennari við Listaskólann
9. Aðalsteinn Ingólfsson situr í listaráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn
10. Inga Þórey Jóhannsdóttir situr í listaráði safnsins, tekur að sér sýningarstjórn o.fl.
11. Hulda Björk Þorkelsdóttir fyrrverandi bæjarbókavörður, skráð sem verkefnastjóri á menningarskrifstofunni og vinnur við skráningu í Sarp.

Að auki hafa Theodór Kjartansson húsumsjónarmaður á umhverfis- og tæknisviði Reykjanesbæjar og Haraldur Haraldsson starfsmaður Byggðasafns Reykjanesbæjar aðstoðað við uppsetningu sýninga.

## 6.2 GESTAFJÖLDI

Aðgangseyrir var tekinn upp frá og með 1. janúar 2016 og kostar nú kr. 1.500 inn í Duus Safnahús og þar með á sýningar listasafnsins. Eldri borgarar, öryrkjar og námsfólk fá afslátt og einnig fæst afsláttur fyrir hópa. Ókeypis er fyrir börn að 18 ára aldri. Heildargestafjöldi ársins var 25.200 sem er fjölgun frá árinu 2016 en þá voru gestir 24.839. Innlendir gestir voru 19.460 en erlendir 5.740 en árinu áður voru þeir 7.000. Mestur fjöldi gesta sækir húsin heim á Ljósanótt eða um 9.200 manns.

## 7. REKSTUR

Kostnaður af rekstri Listasafnsins á lyklinum 05-511 2017 var 32.033.076 og þar af var stærsti hlutinn 25.459.226 ætlaður í laun og launatengd gjöld en safnið rekur Duus Safnahús og launakostnaður safnfulltrúa sem standa vaktir þar er tekinn af lykli listasafnsins. Annar rekstrarkostnaður af Duus Safnahúsum er svo tekinn af lyklinum 05-312 og laun safnstjóra sem jafnframt er menningarfulltrúi eru greidd af lykli menningarfulltrúa 05-020 ásamt verkstjórn í ýmsum sérverkefnum á vegum safnsins s.s. List án landamæra og Listahátíð barna. Kostnaður vegna listaskólans er tekinn af enn öðrum lykli og eru því rekstartölur starfseminnar á nokkrum bókhaldslyklum sem allir falla þó undir menningarfulltrúa sem jafnframt er forstöðumaður listasafnsins eins og áður segir. Sá kostnaður er ekki tiltekinn hér en segir okkur að með útsjónarsemi er ýmislegt hægt að gera.

Megin kostnaður við safnið er greiddur af Reykjanesbæ en ýmsir styrkir hafa þó fengist í hin ýmsu verkefni. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja sem sækir fé sitt til ríkisins og deilir út

hér á svæðinu hefur reynst safninu drjúgur og þaðan fékkst kr. 1.000.000 í Hafliðaverkefnið 800.000 í Listahátíð barna. Einnig sækir safnið árlega styrk til Safnasjóðs sem eitt af viðurkenndum söfnum landsins og þaðan komu kr. 1.800.000 í verkefnastyrki og 400.000 í rekstrarstyrk. Þessir styrkir skila því að safnið getur enn verið með öfluga útgáfu og staðið fyrir ýmsum skemmtilegum verkefnum fram yfir það allra nauðsynlegasta.

## 8. LOKAORÐ

Starfsemi safnsins var með hefðbundnum hætti árið 2017 og mörg áhugaverð verkefni unnin. Fjöldi fastra starfsamanna hélst svipaður og áður og enn eru flestir annað hvort lausráðnir eða verkefnaráðnir. Fastir starfsmenn eru 4 í 3.10 stöðugildum og þar af gegnir forstöðumaður einnig starfi menningarfulltrúa. 3 voru lausráðnir í helgarvörslu og afleysingar og 5 tóku að sér ýmis tímabundin verkefni s.s. við listaskólann, sýningarstjórn og vinnu við safnkostinn, bæði skráningu og aðra umsýslu.

Listasafn Reykjanesbæjar er ennþá eina listasafnið á Suðurnesjum og sem slíkt hefur það ýmsum skyldum að gegna og þá ekki síst í sambandi við menningaruppeldi ungu kynslóðarinnar. Nemendur í bæjarfélaginu eru duglegir að koma í nemendaheimsóknir auk fjölda gesta sem nýttu sér leiðsagnir listamanna og sýningarstjóra en alls komu rúmlega 25.200 gestir í safnið árið 2017 sem er rúmlega 1000 manns fleira en 2016 en þó nokkuð færri en áður fyrr á árunum og er þar helst um að kenna að tekinn var upp aðgangseyrir í safnahúsin.

Safnið hefur frá fyrstu tíð stutt við margvísleg verkefni tengd listum og menningu og skipar orðið hlutverk í menningarlífi svæðisins. Starfsmenn safnsins stýra t.d. Listahátíð barna og List án landamæra sem hvoru tveggja eru árleg verkefni í Reykjanesbæ auk þess sem Listaskóli barna er rekinn á sumrin af safninu. Safnið setti upp 14 sýningar á árinu og þá hefur safnið staðið fyrir nokkurri útgáfu í tengslum við þær sýningar safnsins. Miðlun safnsins fer einnig fram í gegnum vefsíðu og fb síðu og fjölda fréttatilkynninga sem sendar eru út við öll tilefni.

Unnið var áfram við skráningu safnkostsins á árinu og búið að yfirfæra upplýsingar um safnkostinn í Sarp. Verkefnaráðinn starfsmaður vann sérstaklega við það að fylla enn frekar inn sértækar listfræðilegar upplýsingar og einnig vann hann við að lagfæra þær athugasemdir sem safnaráð hafði gert við skýrslu sem unnin var að beiðni safnaráðs 2016 um skyldur viðurkenndra safna. Haldið var áfram að safna upplýsingum um myndlistarlíf fyrri tíma í bæjarfélaginu og einnig fengust miklar upplýsingar í tengslum við safneignina í



vinnunni við gagnagrunninn. Safnið hlaut rekstrarstyrk og verkefnastyrki frá Safnasjóði og einnig styrkti Uppbyggingarsjóður Suðurnesja nokkur verkefni. Þessar styrkveitingar gerðu það að verkum að ýmis verkefni voru viðameiri en annars hefði verið en stærsti hluti rekstrarfjárins kemur þó frá Reykjanesbæ eins og verið hefur.

Nokkur umræða fór fram á árinu 2017 í tengslum við „framlagssamning“ SIM og Listasfn Reykjanesbæjar tók þátt í forvinnu og tillögum nokkurra listasafna á landinu undir forystu Listasafns Reykjavíkur sem miðuðu að því að ná sáttum. Listasafn Reykjanesbæjar mun í framhaldi af því taka þátt í að borga myndlistarmönnum fyrir sýningarhald og nú er unnið að reglugerð og samningum í tengslum við það.

Í lokin má segja að safnið hafi komið þokkalega út úr árinu 2017 og þá sérstaklega með tilliti til þess að fjárhagur bæjarins hefur verið erfiður og fyrirséð að reksturinn yrði þungur. Að mati forstöðumanns var öllum nauðsynlegum verkefnum lokið með sóma og sumum jafnvel glæsilega. Enn er miðlunarhluti safnastarfseminnar fyrirferðarmestur en forvarslan er einnig komin í gott lag. Hin verkefnin s.s. rannsóknarhlutinn og söfnunin fara þó vaxandi með hverju árinu.

***Reykjanesbæ, 26. febrúar 2018***

***Valgerður Guðmundsdóttir***

***Forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar***

***Guðlaug María Lewis, fræðslufulltrúi***